

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Hollvinasjóð Hjallatúns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hollvinasjóður Hjallatúns. Heimili hans og varnarþing er í Vík í Mýrdal.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru gjafir frá velunnurum Hjallatúns. Stofnfé sjóðsins er kr. 700.000 og skal það fé haldast óskert að raungildi.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera gjafafé og önnur frjáls framlög sem ánöfnuð eru Hjallatúni þ. á m. andvirði minningarkorta. Auk þess vextir og arður af eignum sjóðsins. Sjóðurinn skal ætíð ávaxtaður á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að efla starfsemi Hjallatúns á sem bestan hátt. Tilganginum skal m.a. náð með stuðningi við framlag heimamanna við uppbyggingu húsnæðis s.s. kapellu og félagsaðstöðu, tækjakaupum, og bættum aðbúnaði vistmanna og starfsfólks. Til þessara verkefna er stjórn heimilt að veita á hverjum tíma þá upphæð sem hún telur sér fært að veita án þess að rýra stofnfé sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, einn tilnefndur af rekstrarnefnd Hjallatúns, tveir af sveitarstjórn Mýrdalshrepps og skal annar þeirra hvorki eiga sæti í sveitarstjórn eða rekstrarnefnd Hjallatúns. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Kjörtímabil stjórnar er hið sama og sveitarstjórnar. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og úthlutar úr honum.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af sömu endurskoðendum og endurskoða reikninga Hjallatúns. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Breytingar á skipulagskrá þessari má því aðeins gera, að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna.

8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal fé hans renna til aðhlynningar aldraðra í Mýrdalshreppi, skv. nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagskrá þessari svo og breytingum sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. janúar 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniasson.

Bryndís Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2006